



Skólanámskrá Fellaskóla

2026



Anna Birna Einarsdóttir
Skólastjóri Fellaskóla

Ágrip af sögu skólahalds í Fellum

Fellaskóli í Fellabæ er grunnskóli fyrir börn á aldrinum 6-15 ára (1.-10. bekk) og starfar samkvæmt lögum um grunnskóla. Hann stendur ofarlega í þorpinu sem er á vestari bakka Lagarfljóts en handan fljótsins í 3ja km fjarlægð eru Egilsstaðir. Frá skólanum er ákaflega opið og fallett útsýni með hin lágu en aðlaðandi Fell miðsvæðis en af þeim dregur sveitin nafn sitt. Fellaskóli er einn af 3 grunnskólum sem reknir eru í sveitarfélaginu Fljótaldalshéraði sem varð til árið 2004 og nær yfir hin 3 eldri sveitarfélög Fellahrepp, Austur-Hérað og Norður-Hérað. Veturinn 2018-2019 er fjöldi nemenda 96 talsins og hefur nemendafjöldinn tvöfaldast frá árinu 1990. Starfsmenn eru á bilinu 25 -30 talsins, allajafna.

Formlega uppfræðslu barna í Fellum, í gegnum aldirnar, önnuðust prestar, svo sem annarsstaðar tíðkaðist á landinu. Veturinn 1889-'90 réð Sigurður Gunnarsson prestur á Ási, Bjarna nokkurn Jónsson, til að sinna farkennslu í Fellum. Er það fyrsti kennari sem vitað er um í Fellum. Farkennsla er síðan viðhöfð frá um 1913 -1943.^[1] Á því ári var fyrirkomulaginu breytt, farkennsla hætt, og skólahald haft á Helgafelli undir umsjá Helga Gíslasonar og Gróu Björnsdóttur. Var þar rekinn heimavistarskóli frá 1943-1955. Frá 1955 - '56 var skólinn á Skipalæk, 1956-1960 á Skeggjastöðum, en aftur á Skipalæk 1960- '63.^[2] Frá því um miðjan 7. áratuginn og fram til stofnunar Fellaskóla sóttu flest börn úr Fellum nám sitt til Grunnskólans á Egilsstöðum, en nokkur sóttu þó skólann að Hallormsstað.^[3]


Skólamál í Fellum voru mjög til umræðu næstu árin í hreppnum. Niðurstaða fæst að lokum á níunda áratugnum þegar sérstök skólabygging er reist í Fellabæ, og var tekin í notkun haustið 1986.^[4] Fellaskóli var fyrst starfræktur árið 1987 sem sjálfstæð stofnun en árið áður hafði hann verið starfræktur sem skólasel frá Egilsstaðaskóla. Árið 2001 var skólinn stækkaður allmikið, og viðbygging tekin í notkun, sem rúmar nokkrar skólastofur, skrifstofur og kennarastofu.

Rúmlega þriðjungur nemenda skólans kemur úr öðrum skólahverfum. Af þeim sem eru úr skólahverfi Fellaskóla er flestir úr þéttbýliskjarnanum Fellabæ en um sjötti hluti þeirra er úr sveitinni í kring. Því fylgir skólaakstur en einnig þarf að aka nemendum í sund yfir í Egilsstaði en íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsinu í Fellabæ sem tekið var í notkun í janúar 2005. Í Fellaskóla er Tónlistarskóli Fellabæjar einnig til húsa og hefur verið svo í rúm 20 ár.

^[1] Fellamannabók, 1991: 190-194.

^[2] Fellamannabók, 1991: 204 - 209.

^[3] Fellamannabók, 1991: 210.



[4] Fellamannabók, 1991:216.

Hér má sjá afstöðu skólans á Fljótsdalshéraði ásamt fyrsta merki skólans.

Nærsamfélag

Fellaskóli í Fellabæ er grunnskóli fyrir börn á aldrinum 6-15 ára (1.-10. bekk) og starfar samkvæmt lögum um grunnskóla. Hann stendur ofarlega í þorpinu sem er á vestari bakka Lagarfljóts en handan fljótsins í 3ja km fjarlægð eru Egilsstaðir. Frá skólanum er ákaflega opið og fallegt útsýni með hin lágu en aðlaðandi Fell miðsvæðis en af þeim dregur sveitin nafn sitt. Fellaskóli er einn af 3 grunnskólum sem reknir eru í sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði sem varð til árið 2004 og nær yfir hin 3 eldri sveitarfélög Fellahrepp, Austur-Hérað og Norður-Hérað. Fellabær er þéttbýlið við Fljótið, sem skólinn stendur í, og þar búa um 400 manns (2018). Í dag er skólinn í sameinuðu sveitafélagi Múlaþingi sem varð til 2020 við sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Árið 2022 varð grunnskólinn á Borgarfirði eystra sjálfstætt starfandi deild undir Fellaskóla.

Í Fellabæ er starfræktur leikskólinn Hádegishöfði, og er náið samstarf haft við hann um farsæla skólabyrjun tilvonandi nemenda 1. bekkjar.

Veturinn 2024 - 2025 eru nemendur 94 talsins og hefur nemendafjöldinn tvöfaldast frá árinu 1990. Alls koma 27 starfsmenn mismikið við sögu í Fellaskóla og tveir í Grunnskólanum á Borgarfirði. Fellaskóli var fyrst starfræktur árið 1987 sem sjálfstæð stofnun en árið áður hafði hann verið starfræktur sem skólasel frá Egilsstaðaskóla en næstu ár þar á undan höfðu nemendur í Fellum stundað nám á Egilsstöðum.

Skólahverfi Fellaskóla er hinn gamli Fellahreppur, frá Rangá að utan að Hrafnsgerðisá að innan. Rúmlega þriðjungur nemenda skólans kemur úr öðrum skólahverfum. Af þeim sem eru úr skólahverfi Fellaskóla er flestir úr þéttbýliskjarnanum Fellabæ en um sjötti hluti þeirra er úr sveitinni í kring. Því fylgir skólaakstur en einnig þarf að aka nemendum í sund yfir í Egilsstaði en íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsinu í Fellabæ sem tekið var í notkun í janúar 2005.

Í Fellaskóla er Tónlistarskóli Fellabæjar einnig til húsa og hefur verið svo í rúm 20 ár. Foreldrafélag er starfrækt við skólans, og er tilgangur þess að vera samráðs- og samstarfsvettvangur við skólann. Stjórn foreldrafélagsins skipa fimm fulltrúar foreldra

Skólastefna Fellaskóla

Bókvit – siðvit - verkvit

“Fellaskólavitin” bókvit, siðvit og verkvit eins og koma fram í ljóðlínunum Stephans G. Stephanssonar eru skólastefna Fellaskóla. Öll þessi “vit” eru jafn mikilvæg og þau ber að þroska jafnt og þétt.

Í eftirfarandi ljóðlínunum Stephans G. Stephanssonar koma viðhorf hans til menntunar skýrt fram og viljum við gera þau að okkar.

Þitt er menntað afl og önd,

eigirðu fram að bjóða:

Hvassan skilning, haga hönd

hjartað sanna og góða.

Menntun er að búa yfir hvössum skilningi (efla bókvit), að eiga haga hönd (efla verkvit) og síðast en ekki síst að hafa gott hjartalag (efla siðvit). Sá er menntaður sem hugsar og framkvæmir þannig að vönduðum manni sæmi. Áherslan í menntun byggir á þeim sex grunnstoðum menntunar sem eru skilgreindar í nágildandi aðalnámskrá. Í Fellaskóla er lögð jöfn áhersla á bóklega og verklegar greinar og leitast við að flétta verklega færni inn í bóklegar námsgreinar s.s. með markvissu samstarfi list- og verkgreinakennara og umsjónarkennara. Leitast er við að hafa jafnvægi á milli þess að halda í hefðir í skólastarfinu og að stuðla að nýbreytni. Lögð er áhersla á góða samvinnu skóla og heimilis.

Einkunnarorð skólans hafa lengi verið “mennt er máttur ef þú ert sáttur” og komu þau frá fyrrum nemanda. Við höfum þessi orð á bak við eyrað í skipulagi skólans og leitumst við að leggja áherslu á þetta í öllu okkar skipulagi. Þegar við gerum okkar besta erum við sátt – þegar við náum árangri í því sem við erum að fást við erum við sátt. Markmiðið verður alltaf að stuðla að vellíðan og öryggi nemenda en við veljum að færa áherslurnar yfir á námið. Skólabragur hvers skóla mótast út frá margvíslegum þáttum í skólastarfinu og þar vege kennsluhættir þungt. Við viljum að daglegt skólastarf einkennist af umbótahugsun þar sem faglegar samræður um viðhorf, sýn og ígrundun um leiðir til að gera enn betur.

Markmið í ljósi ákvæða aðalnámskrár

Í 2. gr. laga um grunnskóla nr.91/2008, er markmiði grunnskóla skilgreint, þar segir að hlutverk grunnskóla sé í samvinnu við heimilin að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

Krafa samfélagsins er að börn fái almenna haldbæra menntun sem nýtist þeim í leik og starfi og að þau verði heilsteyptar manneskjur sem geti greint á milli þess hvað er rétt og hvað er rangt.

Sérkenni Fellaskóla eru öflug útikennsla, nálægð við náttúruna og grenndarsamfélagið, áhersla á skapandi námsgreinar og skapandi nálgun í kennslu bóklegra námsgreina, samvinna og samvera.

Kennslufræðileg stefna

Kennt er samkvæmt aðalnámskrá gunnskóla og í samræmi við stefnu sveitafélagsins. Kennarar vinna saman í teyrum í þeim tilgangi að auka gæði náms og efla fagmennsku sína og starfsþróun. Til þess að ná markmiðum að efla gæði náms er leitast við að hafa fjölbreytt námsumhverfi, fjölbreytni í kennsluháttum og hæfnimiðað námsumhverfi með sveigjanlegum námsúrræðum.

Grunnþættir menntunar skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum grunnskóla. Þeir eiga að birtast í inntaki námsgreina og námssviða aðalnámskrár. Einnig í hæfni nemenda, námsmati, skólanámskrá og innra mati skólans.

Í hverjum árgangi eru bekkjarfundir í hverri viku, þeir heita ýmist bekkjarfundir, gæðastundir eða SOS fundir. Þar ræða nemendur og kennarar ýmis álit og ágreiningsmál. Markmiðið með bekkjarfundum er að skapa vettvang fyrir nemendur og kennarar til að ræða saman og leysa málin með aðkomu allra. Þar gefst nemendum með lýðræðilegum hætti að tjá skoðanir sínar. Umsjónarkennari stjórnar fundunum samkvæmt fyrirfram mótuðum fundarreglum.

Í Fellaskóla starfa ýmis fagráð s.s.;

- Lausnateymi sem er teymi skipað sérkennara, þroskaþjálfara, skólastjórnanda og verkefnasjóra stoðþjónustu.
- Nemendaráð sem stuðlar að því að gera góðan skólabrag betri.
- Teymi stiga, þar sem þverfaglegt starf og miðlun fer fram meðal stuðningfulltrúa, sérkennara og kennara.
- Skólaráð, sem fundar reglulega og hefur áhrif á skipulag skóla.
- Heillasporaráð sem heldur utan um innleiðingu heillaspora.

Við leitumst við að beina athyglinni að fjölbreyttum hæfileikum nemenda og líta á þá út frá styrkleikum þeirra og áhugasviðum.

Lögð er áhersla á útinám og útikennslu í Fellaskóla. Þar tekur skipulagið mið af lykilorðum skólans – bókvit, siðvit og verkvit og inn í þau fléttast allar aðrar námsgreinar, þar á meðal list og verkgreinar.

Markmið

Markmiðin með þessum kennsluháttum eru að:

- Auka virkni og áhuga nemenda
- Efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda
- Skapa meiri samfellu í námi nemenda

- Auka samstarf og samvinnu
- Efla samkennd og skilning
- Fjölbreyttari leiðir fyrir nemendur
- Efla skapandi hugsun og úrvinnslu í námi
- Bæta nám og námsárangur nemenda
- Nýta fagmennsku starfsfólk betur

Framkvæmd

Tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrá grunnskóla. Hvert stig er með eins stundatöflu þannig að auðveldara sé að kenna þvert á árganga og samræma ferðir, list- og verkgreinar, uppákomur og annað sem á sér stað í skólanum. Á öllum stigum eru lotuvinnutímar í töflu þar sem nemendur geta unnið saman þvert á árganga og fengið aðstoð frá þeim kennurum sem eru á svæðinu. Starfsmenn teyma vinna saman að undirbúningi kennslulota og öllu er lítur að skipulagi og mati á námi.

Leitast er við að hafa sveigjanleika í stundskránni svo auðvelt sé að brjóta upp skólastarfið og vinna að heildstæðum verkefnum þvert á öll skólastig s.s. árshátíð, val, árviss þemaverkefni skólans og fl.

Sérstaða Fellaskóla

Í Fellaskóla er í bland, leitast við að halda í þær hefðir sem skapast hafa í skólastarfinu en jafnframt gera breytingar í takt við áherslur í skólastarfi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og þarfir og væntingar samfélagsins.

Sérstaða Fellaskóla liggur í staðsetningunni. Skólinn stendur á klöpp og þar er útsýni yfir fell og fljót. Nemendur hafa greiðan aðgang að skógar rjóðri sem kallast verndarsvæðið og þar fer fram kennsla allan ársins hring. Þannig er lögð áhersla á að vinna úr þessari forréttindastöðu með útinámi og útikennslu. Við byrjum einnig hvert skólaár með útivistarviku þar sem gengið er um nágrennið. Þá eru einnig gengnar þrjár mismunandi gönguleiðir á skólastigunum. Markmiðið er að nemendur kynnist sínum heimaslóðum og læri hvað þær hafa upp á að bjóða.

Hér má sjá gönguleiðirnar sem rúlla á þriggja ára fresti;

Yngsta stig	Miðstig	Unglingastig
Hrafnafell/ Dansgjá	Fjallsel/ Meðalnes	Rangárhjúkur
Hallormsstaðaskógur	Bjargselsbotnar	Hallormsstaðaháls
Húsatjörn á Eiðum	Stapavík	Stórurð

Á haustin hefst skólaárið á útinámsviku og það endar einnig með útinámi.

Útfærsla Fellaskóla á grunnþáttum menntunar

Í 2. grein laga um grunnskóla er lögð áhersla á það meginhlutverk grunnskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í því felst krafan um að nám sé á forsendum hver og eins nemanda og fari fram í hvetjandi námumhverfi þar sem nemendur finna fyrri öryggi og fá notið hæfileika sinna.

Í Fellaskóla er leitast við að útfæra grunnþætti aðalnámskár í náminu.

Læri er einn af sex grunnþáttum menntunar og meginmarkmiðið er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn.

Í Fellaskóla hefur verið stuðst við Læsisstefnu Akureyrar, Læsi er lykill, <https://lykillinn.akmennt.is/> en þar kemur m.a fram mikilvægi þess að skólinn hlúi sem mest og best að góðri færni allra nemenda í lestri og læsi. Allt annað nám byggir á góðri lestrarfærni og leikni í að tjá sig í rituðu máli.

Læsi

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð sem nær til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld inn í eina heild undir hatti læsis. Unnið er með svokallaðan gæða texta eða vandaðar barnabækur og er innihald þess texta sá efniviður sem unnið er með í námi og kennslu, jafnt í tæknilegri vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða og skilning. Helsti kostur Byrjendalæsis er að nemendur læra skilvirka tækni til að lesa stöðugt ný orð sem koma fyrir í texta. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði setningarbygging og málfræði tengd inn í ferlið. Í stafainnlögn er lögð áhersla á hllóða aðferð. Grundvallaratriði hljóðaaðferðarinnar er að nemendur skilji að bókstafirnir tákni hljóð orðanna í talmálinu.

Kennarar á yngsta stigi hafa einnig kynnt sér og notað Pals kennsluaðferð í lestrarkennslu.

Undanfarin ár hefur teymi unnið markvisst að því að bæta aðstöðu og framboð lesefnis á bókasafninu með markvissum innkaupum á ný útgefnum bókum. Og árlega tekur skólinn þátt í norrænu bókmenntavikunni með því að taka fyrir lesefnið sem liggur þar til grundvallar. Lestur er einn af hornsteinum alls náms í Fellaskóla.

Sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Umhverfi og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag.

Nemendur þurfa að þekkja, skilja og virða náttúruna og það læra þau í útikennslu og útinámi. Við búum svo vel að vera í mikilli nálægð við fjölskrúðuga náttúru. Búum við Lagarfljótið, erum umvafin fellum sem skarta margbreytilegum gróðri og höfum útikennslusvæði sem kallast Verndarsvæði og er staðsett í litlu skógarrjóðri fyrir neðan skólann.

En sjálfbærni er fólgin í fleiri þáttum en að skilja og kunna að lesa í náttúruna. Hún felst líka í því að kunna að bjargar sér í náttúrunni. Huga að velferð náttúrunnar og alls sem í henni

hrærist. Umhverfisvitund, ábyrgð mannfólksins gagnvart náttúrunni og þá hvernig við göngum um auðlindir hennar.

Á haustin byrjar skólinn á útivistarviku þar sem allir nemendur ganga með markvissum hætti um fjöll og firnindi í grenndarsamfélagi skólans. Í þessum ferðum er leitast við að flétta inn fræðslu og þekkingu tengda þeim stöðum sem farið er á. Allt þetta stuðlar að sjálfbærri hugsun þar sem nemendur læra inn á sitt nánasta umhverfi, gróður, lífríki og landslag.

Í Fellaskóla fer annar af fjórum hornsteinum náms í Fellaskóla fram í útinámi/ útikennslu. Þar er með markvissum hætti lögð áhersla á að kenna námsgreinar s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði úti. En útinámið er einnig skapandi nám sem kennir nemendum að klæða sig eftir aðstæðum, læra að vera úti í öllum veðrum og njóta þess, læra að bjarga sér við allskonar aðstæður, læra að tálga og flr. Í þessum tímum gefst einnig mikilvægt rými til að tala saman um lífsins gang og nauðsynjar, skapa nánd í samskiptum.

Heilbrigði og velferð

Í aðalnámskrá segir að heilbrigði og velferð byggi á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í Fellaskóla er lögð áhersla á útiveru og hreyfingu. Allir nemendur nema á unglíngastigi fara út í frímínútur tvisvar á dag. Þar fyrir utan er útinám á dagskrá allt árið um kring og þar er lögð áhersla á mikilvægi útivistar og hreyfingar. Einn dag í viku er hjúkrunarfræðingur í skólanum og nemendur geta leitað til hennar með það sem snýr að andlegri og líkamlegri heilsu. Hjúkrunarfræðingur er einnig með fasta fræðslu inni í árgöngunum s.s. um kynþroska, sjálfsmynd, heilbrigði og velferð og fl.

Með auknu vali á unglíngastigi er leitast við að taka mið af þörfum nemenda á einstaklingsbundinn hátt og byggja þannig upp jákvæða sjálfsmynd hjá unglíngunum. Við reynum að skapa öllum tækifæri til þess að njóta styrkleika sinna.

Til að vekja áhuga allra nemenda á útivist, hreyfingu og efla seiglu er lögð áhersla á útinám og langar gönguferðir á haustin þar sem nemendur læra að takast á við áskoranir sem efla þrótt og þrek til að takast á við áskoranir lífsins.

Í heimilisfræði fá nemendur verkefni og fræðslu um næringu og heilsu.

Jafnrétti

Í Fellaskóla er leitast við að skapa öllum nemendum tækifæri til þess að þroskast á eigin forsendum með viðeigandi viðfangsefnum. Öllum eiga að standa til boða sömu tækifæri til náms og ákvarðanatöku.

Við skólann er starfandi nemendaráð sem fundar reglulega og tekur ákvarðanir um ýmis mál í skólanum s.s. uppákomur, reglur í frímínútum og þ.h.

Við skólann er einnig starfandi skólaráð skipað tveimur nemendum og þar hefur rödd nemenda jafn mikið vægi og rödd foreldra, kennara og starfsfólks skólans.

Sköpun

Leikur, forvitni og tilraunir að auki gagnrýnin hugsun og val eru skapandi leiðir sem vekja nemendur til umhugsunar og eflir námsáhuga þeirra. Með auknu vali nemenda á því hvernig

þeir nálgast viðfangsefnin og skila þeim af sér s.s. í sjálfstæðum vinnulotum og valverkefnum er unnið út frá öllum þessum þáttum.

List- og verkgreinar flokkast gjarnan undir skapandi greinar og þar er leitast við að mæta nemendum og áhuga þeirra eftir fremsta megni. Allir nemendur fá kennslu í textílmennt, myndmennt, útinámi og heimilisfræði. Á vorin setja nemendur upp leikrit og önnur skapandi skemmtiefni fyrir árshátíð skólans. Nemendur halda einnig þorrablót þar sem allir árgangar leggja fram skemmtiefni og annál.

Tónlistarskóli Fellabæjar er staðsettur inni í Fellaskóla svo það er náð samstarf þar á milli. Mikill meiri hluti nemenda í Fellaskóla stundar nám við tónlistarskólann.

Á haustin tókum við þátt í BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á austurlandi. Þar er boðið uppá fjölbreytta listadagskrá frá menningarmiðstöðvum og söfnum á austurlandi.

En fyrst og fremst er leitast við að hafa námsframboð og kennslu fjölbreytta og lýðræðislega.

Lýðræði og mannréttindi

Við höfum kynnt okkur réttindasáttmála sameinuðu þjóðanna og á yngsta stigi hefur verið unnið með hann á markvissan hátt.

Eitt af stóru markmiðunum í skólastarfinu er að efla sjálfstæði og sjálfræði nemenda í náminu. Í aðalnámskrá segir að mikilvægt sé að tekið sé tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi í skipulagi skóla. Þannig er allt nám skipulagt með lotuskipulag þar sem nemendur geta farið mismunandi leiðir að því að skila ýmsum verkefnum. Nemendur hafa einnig val um hvernær þeir vinna verkefni í skólanum þegar lotutímar eru á dagskrá.

Kennarar hafa verið í innleiðingarvinnu og námi með leiðsögn frá HA um leiðsagnarnám og það hefur haft áhrif á skipulag kennslu í öllum skólanum.

Innleiðing er hafin á heillasporum en það er heildræn nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna í inngildandi skólastarfi.

Umgjörð Heillaspora byggir á leiðum til að skapa tengslamiðað og öruggt skólasamfélag þar sem öll börn taka virkan þátt og njóta velferðar.

Útinám og samfélagsfræði ásamt bekkjarfundum eru staðir og námsgreinar sem nýttar eru til að fjalla og spjalla um mannréttindi og lýðræði.

Námsmat í Fellaskóla

Megintilgangur námsmats er að fylgjast með hvernig sérhverjum nemanda tekst að ná námsmarkmiðum og örva hann til framfara.

Námsmat á að veita nemendum, foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir. Námsmatið á einnig að vera nemendum námshvatning og örva þá til framfara.

Hægt er að fara ýmsar leiðir í skólastarfinu til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Því verða námsmatsaðferðir að vera fjölbreyttar.

Í námsmatinu skal leggja mat á hæfni nemenda innan hvers námssviðs og það á jafnt við í bóklegu námi sem list- og verkgreinum. Innan hvers námssviðs skal einnig leggja mat á lykilhæfni nemenda.

Lykilhæfni er sameiginleg í öllum námsgreinum og hún er sett fram í fimm þáttum:

- Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega og skriflega. Hæfni til að miðla máli sínu og taka þátt í umræðum.
- Skapandi hugsun og frumkvæði. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, beita gagnrýninni hugsun og færa rök fyrir máli sínu.
- Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt. Hæfni nemenda til að vinna með öðrum og undir leiðsögn.
- Hæfni nemenda til að nota mismunandi miðla í þekkingarleit og vinnu.
- Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Til að styrkja lykilhæfni í vinnulagi nemenda horfum við einnig til þrautseigju og hegðunar með leiðsegjandi samtali í dagsins önn.

Við aðhyllumst hugarfar vaxtar og lítum á matskvarðann sem leiðandi vegvísi. Þannig erum við sannfærð um að allir geti bætt við sig þekkingu og færni og fíkrað sig áfram í námi. Þá reynir á lykilhættina þrautseigju, frumkvæði, samskipti, samvinnu og námsvitund í hugarfari og vinnulagi nemenda.

Námsumhverfið þarf að vera hvetjandi, bæði fyrir nemendur og kennara.

Fjölbreytni í námsmati:

Námsmatsverkefni þurfa að vera fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun. Þannig skal meta munnleg og skrifleg verkefni, einstaklings- og hópverkefni auk verkefna sem unnin eru á afmörkuðum tíma.

Við notum fjölbreyttar aðferðir til að meta hæfni nemenda s.s. skimanir, ferilmöppur, námsmöppur, gagnamöppur og verkefnamöppur til námsmats. Auk þess er stuðst við enduruppbyggjandi verkefni sem sýna tök nemenda á tilteknum námsþáttum. Gerum einnig hugarkort, tókum próf þar sem metnir eru afmarkaðir námsþættir og árangur skráður með tölustöfum/bókstöfum ef svo ber undir. Samræða og ígrundun eru mikilvægar leiðir í að efla og meta færni nemenda á eigin frammistöðu, viðhorfum og ábyrgð.

Skólaárinu í Fellaskóla er skipt upp í þrjár annir.

Fyrstu önn lýkur í nóvember, annarri í febrúar/mars og þeirri þriðju við skólalok.

1. önn	2. önn	3. önn
Námsmatið snýr að mestu um líðan nemenda, vinnulag, ábyrgð og hegðun og fer fram í samtali. Nemendur ásamt foreldrum fylla út mat á líðan, vinnuframlagi o.fl. Mentor og það mat liggur til grundvallar í samtali kennara, foreldra og nemenda. Nemandi setur sér markmið í samstarfi við kennara	Miðannar mat er nemendastýrt. Nemendur velja sér verkefni sem þeir eru stoltir af og sýna foreldrum, þeir segja einnig frá markmiðum og áherslum í náminu á skólaárinu.	Við lok skólaárs fá nemendur vitnisburð við skólaslit sem inniheldur skriflegar umsagnir sem eru samantekt á aðalþáttum vetrarins hjá hverjum og einum. Við lok 7. bekkjar og lok 10. bekkjar er nemendum gefin einkunn út frá bókstafaskalanum A -D. Námsmatið er einnig í umsögnum frá kennurum þar sem kemur fram hvort markmiðum hafi verið náð eða tækifæri séu til að gera betur.

Foreldrasamtöl fara fram í skóla þar sem nemandi, foreldrar og kennarar fara yfir önnina og matsatriðin.

Námsmatið á að gefa nemanda og foreldrum glögga sýn á hvar nemandinn er staddur hverju sinni og veita honum hugrekki og áræðni til að bæta við sig. Námsmat, kennsla og námsmat eru órjúfanleg heild þar sem námið og kennslan taka mið af námsmatinu. Námsmatið byggir á þeim tækifærum sem nemandinn fékk til þess að auka færni ásamt því hvernig nemanda tókst að efla lykilhæfni sína.

Skólaárin 2021 – 2024 voru kennarar þátttakendur í leiðsagnarnámi. Einn af grunnþáttum leiðsagnarnáms er að vinna með viðhorf nemenda til sín, annarra og námsins.

Námsmatskvarðar á yngsta stigi taka mið af þessu og þar hljóðar matið, þarfnast þjálfunar, er á réttri leið og hæfni náð. Þetta teljum við í fullu samræmi við hugarfar vaxtar sem við erum að vinna að innleiðingu á í menningu skólans.

Leitast er við að hafa námsmat þannig að það sé fjölbreytt og leiðbeinandi fyrir nemandann og að hann sjái á hverjum tíma hvar hann stendur í náminu. Notast er við: símat, sjálfsmat nemenda, jafningjamat, leiðsagnarmat og lokamat sem framkvæmt er af kennurum. Einnig er notað frammistöðumat þar sem nemendur og kennarar meta virkni, viðhorf og áhuga nemenda. Þetta frammistöðumat er til umræðu í foreldrasamtölum.

Markmiðið með fjölbreyttu námsmati þar sem vinna nemenda er metin jafnt og þétt gefur víðari sýn á stöðu hvers og eins. Lögð er áhersla á það að nemendur geti sýnt þekkingu sína og hæfni með fjölbreyttum leiðum.

Þegar nemendur úr 10. bekk útskrifast er stuðst við matskvarða aðalnámskrár grunnskóla (<https://vefir.mms.is/namsmat/matsvidmid.html>) sem skólum er skylt að nota við brautskráningu nemenda.

Námsmati eru gerð skil inni í Námskrá skólans sem hægt er að sjá á heimasíðu skólans <https://www.fell.is/> undir flípanum Námið.

Mentor

Í Fellaskóla er notast við skráningarkerfi sem heitir Mentor. Þar er að finna upplýsingar er varða nemendur, s.s. ástundun, stundaskrá, námsmat o.fl. Þar fer einnig fram skráning í foreldraviðtöl.

Foreldrar hafa fengið send lykilorð til að geta skráð sig inn á mentor.is

Í Mentor er vitnisburður nemenda að vori einnig unninn/ skráður.

Innra mat á árangri og gæðum

Innra mat skóla er fagleg ígrundun, gagnasöfnun og greining á gögnum um skólastarfið í þeim tilgangi að leggja mat á hversu vel okkur tekst að ná þeim markmiðum sem skólastarfið byggir á og tryggja gæði og árangur skólastarfsins út frá þeim viðmiðum sem birtast í lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu skólans.

Megin stefin í innra matinu eru hversu vel stöndum við okkur? Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar og hvar eru tækifæri til umbóta?

Í skýrslu um innra mat (á heimssíðu Fellaskóla) má sjá hvað metið er hverju sinni. Á heimsíðunni er einnig að finna umbóta- og þróunaráætlun.

Einkum liggja niðurstöður skólapúlsins til grundvallar í gagnasöfnun innra mats, að auki niðurstöður lesferils og annarra kannanna á vegum MMS. Til að safna gögnum um líðan og starfsanda meðal starfsmanna eru lagðir fyrir listar til umhugsunar og til að svara mismunandi þáttum sem snúa að skólastarfinu s.s. samstarf, aðsöðu, stuðning stjórnenda og fl.

Samstarf heimila og skóla

Forsendan fyrir góðu skólastarfi er gott samstarf og samtal á milli heimila og skóla. Það stuðlar að vellíðan nemenda, stolti og samstarfsvilja.

Öll þátttaka foreldra í skólastarfinu er mikilvæg og vel þegin. Kennarar og stjórnendur Fellaskóla leggja sig fram um að vera í góðum samskiptum við foreldra um þau mál sem snerta einstaka nemendur, heimanám og annað sem snýr að starfi bekkja eða skólastarfi almennt. Boðið er uppá foreldrasamtöl tvisvar á ári og oftár ef þurfa þykir. Á hverju ári stendur skólaráð fyrir morgunverðarfundum og þá eru oftár en ekki einhver málefni á borðum

sem þörf er á að ræða. Einnig höfum við fengið fræðslu um ýmis málefni á morgunverðarfundum.

Foreldrar taka virkan þátt í jólaföndri skólans og svo hafa árgangar verið duglegir að brydda uppá einhverju sem gaman hefur verið að bjóða foreldrum til þátttöku í. Á miðstigi buðu nemendur foreldrum uppá kökukaffi í eldhúsinu í lok dags en þá höfðu þeir bakað hnallþórur með aðstoð kennarans síns um morguninn. Yngsta stig bauð foreldrum í kaffi og lummur á verndarsvæðinu en það er útinámsrjóður sem skólinn hefur til afnota. Unglingastig býður foreldrum að koma á sýningu á áhugasviðsverkefnunum sínum tvisvar á ári og sjöundi bekkur býður foreldrum í uppskeru boð þegar vinna við ákveðið efni í sögurammanum lýkur.

Fyrir jólin gengu nemendur skólans með friðarljós um Fellabæinn og báru út jólakort sem þeir höfðu unnið með fallegum friðarboðskap og þakklætiskveðju í hvert hús.



Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Fellaskóli og leikskólinn Hádegishöfði

Samstarf er á milli Fellaskóla og leikskólans Hádegishöfða, en þaðan koma flestir nemendur sem hefja skólagöngu í 1. bekk í Fellaskóla. Tilgangur samstarfsins er að auðvelda nemendum að flytjast á milli skólastiga. Skólastjórar skólanna, umsjónarkennari 1. bekkjar og leikskólakennari elsta árgangs leikskólans sjá um að skipuleggja samstarfið. Það felur í sér heimsóknir á milli skólanna þ.e. nemendur í elsta árgangi Hádegishöfða og 1. bekkur Fellaskóla fara í reglulegar heimsóknir í skólana yfir veturinn. Auk þess er tilvonandi 1. bekk boðið í vorskóla vorið áður en þau hefja skólagöngu í Fellaskóla og haldinn er skilafundur milli skólastiganna.

Að hausti er verðandi nemendum í 1. bekk og foreldrum/forráðamönnum þeirra boðið í heimsókn í skólann þar sem skólastjóri og umsjónarkennari taka á móti þeim og kynna fyrir þeim starfsemi og skipulag skólans.

Huga þarf sérstaklega að þeim nemendum sem ekki koma úr leikskólanum Hádegishöfða og þá ekki síst þegar kemur að félagslegum tengslum.

Umsjónarkennari 1. bekkjar tekur á móti 6 ára börnunum og foreldrum þeirra með um klst. fundi seinni part dags á starfsdegi fyrir skólasetningu að hausti. Allir eru boðnir velkomnir í skólann og skólastjóri og umsjónarkennari kynna sig. Svo er skipt í tvo hópa: foreldra og nemenda. Umsjónarkennari spjallar við nemendur í um 20 mín. (t.d. til að læra nöfn þeirra, renna yfir stundatöflu ef hún er tilbúin, útskýra hvað þeir munu gera fyrstu dagana og hvað þeir þurfa að hafa með sér eða fara í leik eða stutta æfingu til að athuga í stuttum dráttum hve vel þeir þekkja bókstafi og tölur). Á meðan gengur skólastjóri með foreldra um skólann. Þá er skipt og skólastjóri sýnir nemendum skólann á meðan umsjónarkennari ræðir við foreldra m.a. um fyrstu dagana, stundatöflu og mikilvægi þátttöku heimilisins í námi barnsins.

Elsti árgangur leikskólans Hádegishöfða (verðandi 1. bekkur) kemur mánaðarlega í heimsókn og fylgir 1. bekk í um hálfan dag í senn. Eftir veturinn er gert ráð fyrir að þau hafi farið í flestar kennslustundir innan veggja skólans, auk íþrótta og sunds. Þessum heimsóknnum lýkur svo með Vorskóla, þar sem leikskólinn fylgir fyrsta bekk í 2 daga í grunnskólanum. Fyrsti bekkur í Fellaskóla fer einnig í heimsóknir í sinn gamla leikskóla og hittir þar fyrir starfsfólk og fyrrum samnemendur af leikskólanum.

Fellaskóli og Tónlistarskólinn í Fellabæ

Tónlistarskóli Fellabæjar er staðsettur í Fellaskóla. Samstarfið við tónlistarskólann hefur verið mikið og farsælt í áratugi. Rúmeiga 90% nemenda Fellaskóla stunda nám við tónlistarskólann og margir læra á fleiri en eitt hljóðfæri og söng að auki.

Á hverju ári setja nemendur Fellaskóla upp metnaðarfulla dagskrá fyrir árshátíð skólans með dyggri aðstoð tónlistarkennara. Á litlum jólum og fleiri uppákomum á vegum skólans starfa tónlistarskólinn og Fellaskóli saman.

Það er ómetanlegt fyrir nemendur og tónlistarnám þeirra að þessir skólar séu undir sama þaki. Það auðveldar aðgengi nemenda að hljóðfæranámi og gerir okkur kleift að vera í auknu samstarfi.

Fellaskóli og Grunnskólinn Borgarfirði eystra

Um áramótin 2020 – 2021 varð grunnskólinn á Borgarfirði deild undir Fellaskóla. Þar hefur nemendum fækkað og verða tveir skólárið 2025 – 2026. Fyrirkomulagið frá 2021 – 2022 er með þeim hætti að nemendur og kennarar á Borgarfirði koma í Fellaskóla á miðvikudögum og sóttu þá námið með jafnöldrum sínum það. Skólaárið 2025 – 2026 voru nemendur tvo

daga í viku í Fellaskóla og þrjá niður á Borgarfirði. Kennarar grunnskólans á Borgarfirði og kennarar Fellaskóla eru í samstarfi um nám og kennslu nemenda.

Skólastjóri Fellaskóla er skólastjóri beggja skólanna en á Borgarfirði er starfsandi deildarstjóri sem sér um daglega umsýslu þar.

Fellaskóli og Náttúruskólinn

Skólaárið 2020 – 2021 hóf Fellaskól samstarf við nýjan Náttúruskóla á Óbyggðasetrinu í Fljótsdal þar sem nemendur af yngsta og miðstigi voru tvo daga í námi tengdu útiveru og fræðslu tengda því hvernig maður ber sig að í náttúrunni s.s. að elda við opinn eld, að kveikja eld, að baka lummur úti, að sitja hest og margt fl.

Skólaárið 2022 – 2023 voru allir nemendur skólans í ferðum á vegum Náttúruskólans. Miðstig fór að hausti upp í Laugarfell þar sem nemendur lærðu að hlaða, síga, elda, búa sig í fjallgöngu og gera að sárum. Yngsta stig fór í Blöndalsbúð í janúar þar sem nemendur voru úti allan daginn í snjó og vetrarveðri. Í lok maí fór allt unglíngastig á vegum Náttúruskólans í þriggja daga gönguferð um hálendið. Ferðin byrjaði við Óbyggðasetur og endaði í Laugarfelli. Markmiðið með ferðinni er margþætt – fyrst og fremst að eiga dásemdardaga hvert með öðru, efla þrautseigju, trú á eigin getu og byggja upp kjark og þor. Ekki síst að skapa minningar sem aldrei gleymast

Skólaárið 2023 – 2024 gekk sveitafélagið til samstarfs við Náttúruskólann og bauð öllum nemendum í 3. og 9. bekk dagsnámskeið á vegum Náttúruskólans. Það fyrirkomulag er ennþá ríkjandi.

Grunnskólar í sameiginlegu sveitafélagi Múlapings

Í sameiginlegur sveitafélagi Múlapingi eru nú 6 grunnskólar. Skólastjórnendur vinna saman og funda reglulega undir stjórn fræðslustjóra. Grunnskólarnir eru Brúarásskóli, Djúpavogsskóli, Egilsstaðaskóli, Fellaskóli, Grunnskólinn á Borgarfirði eystra og Seyðisfjarðarskóli. Frá árinu 2022 hefur grunnskólinn á Borgarfirði eystra verið rekinn sem sjálfstæð deild undir stjórn og í samstarfi við Fellaskóla.

Námáætlanir námshópa

Skólastarf er skipulagt í samræmi við skólanámskrá Fellaskóla og aðalnámskrá grunnskóla.

Námsáætlanir eru ýmist vistaðar á gagnasvæðum skólans eða í mentor þar sem nemendur og foreldrar hafa aðgang að þeim. Google classroom er nýtt til miðlunar námsefnis og verkefna, til verkefna skila og utanumhalds um námið.

Á unglíngastigi er námið skipulagt í lotum og nemendur fá nákvæmt lotuskipulag við upphaf hverrar lotu þar sem fram kemur hvaða námsþætti unnið er með, hverju skila eigi til kennara og hvenær.

List- og verkgreinar

Nemendur í 1. – 7. bekk eru í myndmennt, textílmennt og heimilisfræði. Í skólanum er ekki aðstaða til smíða kennslu.

Á unglíngastigi eru list- og verkgreinar s.s. myndmennt, textílmennt og heimilisfræði kennt í bundnu vali.

Í áhugasviðsvinnu á unglíngastigi sem fram fer tvær vikur á ári, við lok árs og að vori gefst nemendum tækifæri til að velja að vinna verkefni sín í list- og verkgreinum s.s. að baka og gera matreiðsluhefti.

Í þemavikum, jólaföndri og annarri árstíðarbundinni skapandi vinnu er þverfaglegt samstarf almennra kennara og list- og verkgreinakennara.

Byrjendalæsi

Fellaskóli hefur verið byrjendalæsis skóli í mörg ár og kennarar á yngsta stigi hafa sótt fræðslu og verið áskrifendur að kennsluefni og fræðigreinum á vegum miðstöðvar skólaþróunar á Akureyri.

Markmið Byrjendalæsis er að þróa vinnubrögð í lestrarkennslu í 1. og 2. bekk með það fyrir augum að auka lestrarfærni nemenda. Vinnubrögðin taka mið af kenningum um samvirkar aðferðir. Áhersla er lögð að að vinna með merkingarbæran gæðatexta þar sem jöfnum höndum er lögð áhersla á talmál og reynslu barnanna. Einnig Textavinnu, samband starfs og hljóðs, sundurgreinandi vinnu og samtengjandi aðferðir. Áhersla er lögð á að aukinn orðaforða, lesskilning og ritun.

Útinám

Á öllum stigum skólans eru nemendu rí útinámi. Michelle Mielnik hefur verið verkefnastjóri útináms og þróað þá kennslu og búið til heildstætt kennsluefni þar sem áherslur skólans, bókvit, verkvit og siðvit eru áttavittinn í kennslunni. Nemendur eru í 80 – 120 mín á viku í útinámi og námsefnið er samþætt við aðrar námsgreinar s.s. náttúrufræði, stærðfræði og samfélagsfræði.

Á vorin og haustin fer kennsla að mestu fram utan veggja skólans í útinámsvikum þar sem um grenndarkennslu er að ræða.

Einnig höfum við fengið Náttúrurskólann til að vera með kennslu á unglíngastigi að vori þar sem nemendur fá verkelga kennslu og reynslu í að tjalda, elda yfir opnum eldi, tálga og almennt að bjarga sér í óbyggðum.

Múlaþing býður nemendum í 3. og 9. bekk, ár hvert, uppá dag á vegum Náttúrurskólans í mismunandi útinámsverkefnum.

Valgreinar

Leitast er við að hafa fjölbeyttar og áhugaverðar valgreinar í boði fyrir unglíngastig. Vegna þess hve fámennur skólinn er verða valgreinar oft einsleitar. Það er boðið uppá hreyfingu, listgreinar, heimilsfræði, leiklist, skák og flr.

Fellaskóli hefur tekið þátt í Skólahreysti undan farin ár og nemendur úr 9. og 10 bekk geta valið að æfa fyrir það á valgreinatímum og taka þátt í keppninni fyrir hönd skólans. Allir nemendur á unglíngastigi hafa farið á keppnina og sýnt sínu fólki stuðning. Ferðin hefur einnig verið nýtt til hópeflis og að skoða framhaldsskóla á Norðurlandi s.s. Laugaskóla sem hefur tekið á móti nemendum með glæsibrag. Einnig hafa nemendur fengið kynningu á námsframboði og aðstöðu Verkmenntaskólans á Akureyri.

Sameiginleg kennsla/ viðfangsefni á yngsta stigi

viðfangsefni yngsta stigs fyrir fjögurra ára tímabil

2022-2026

Skv. skólanámskrá eiga nemendur í 4. bekk að hafa unnið með einhverjum hætti eftirfarandi viðfangsefni.

viðfangsefni	2022-23	2023-24	2024-2025	2025-2026
Áhugamálsloða nemenda	X	X		X
Skólasamkoma / leiksýning	Heimurinn í höndum þér	Saga mannkyns	Traustur vinur (Grease þema)	X
Barnasáttmálinn, réttindi fólks	tengd við allar lotur, auk jóladagatals SOS	tengd við allar lotur, auk jóladagatals SOS	Tengd við flestar lotur, auk jóladagatals SOS.	Tengd við allar lotur, auk jóladagatals SOS.
Dýr á Íslandi		X		X
Fjölskyldan og samfélag	Bókin hans Breka: Sjálfmyndin og mannlíkamin		Fléttað saman við lotu um Ísland áður fyrr.	
Gróðurlendi		X		X
Hafið og sjávarsiðan			Saga af Suðurnesjum	
Heimsmarkmiðin	X tengd við allar lotur	X tengd við allar lotur	Tengd við flestar lotur.	Tengd við allar lotur.
Himingimurinn	geimferðir	reikistjórnur		X
Hringrásir	Snjóengillinn (auk árstíða og tunglkvartilaskipta)		Litla ljóta lírfan	
Ísland áður fyrr	jólasveinar, veður, Kjarval, hringrásir		Komdu og skoðuðu íslenska þjóðhætti	
Ísland, land og þjóð	Blesa og leitinn að grænna grasi: Landshlutar, einkenni, tungumál, búseta/heimaslóðir, tenging við önnur lönd			X
Jarðfræði, eldgos, berg o.fl.		jarðlög, steinar	Ása í Vestmannaeyjum og Fólka á flóttu	
Mannlíkaminn	Bókin hans Breka: Sjálfmyndin og líkaminn			X
Saga mannkyns		X		
Sjálfmynd – hugarfar, tilfinningar, styrkleikar	Bókin hans Breka: Sjálfmyndin og mannlíkamin	X	Unnið í gæðastund og fléttað saman við útinám o.fl.	
Sveit og borg	Blesa (líf á mismunandi stöðum á Íslandi)			X

Tækni, uppfinningar, nýsköpun	áhugamálsloða/árhátíð			X
Umferðin, billinn, hjólið o.fl.	Blesa og leitinn að grænna grasi	hjóladagur	hjólafræðsla	Billinn

* Sumt fléttast saman við fleira hvert ár. Sumir nemendur vinna meira með tiltekin viðfangsefni en aðrir, t.d. í áhugamálslotu.

Skóladagatal og hefðbundnir viðburðir

Skóladagatal er að finna á heimasíðu skólans. Það sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemendur eiga frí. Skóladagar eru 180 og þar með teljast skertir dagar sem eru fimm.

Útívika

Fyrstu dagar hvers skólaárs eru helgaðir útivist. Þá daga eru nemendur með umsjónarkennara sínum og e.t.v. fleiri bekkjum við leik og störf. Einn dag í útívikunni er farið í lengri gönguferð, en sá dagur er svokallaður “1+1 dagur” á skóladagatali og er venjulegur skóladagur + skertur dagur. Þann dag eru skólalok síðar en venjulega.

Öskudagur

Öskudagur er skertur skóladagur en þá er styttri viðvera en aðra daga. Nemendur mæta klæddir í öskudagsbúninga og er haldið upp á daginn á sal skólans þar sem farið er í leiki, dansað og kötturinn sleginn úr tunnunni.

Kynning á námi og starfi skólans

Hvert stig er með kynningu á því sem fram undan er í skólastarfinu á haustin. Þar er farið yfir starfsáætlun vetrarins, fyrirkomulag námsins, tengiforeldrar eru valdir og fleira tekið fyrir sem mikilvægt er. Fundirnir eru kjörinn vettvangur fyrir foreldra til að ræða saman um ýmis málefni barna sinna s.s. samskipti, útivistartíma, o.fl.

Foreldrasamtöl

Foreldradagur er í nóvember og í febrúar. Þá mæta nemendur til viðtals við umsjónarkennara sinn ásamt foreldrum. Í upphafi skólaárs eru foreldrar nemenda í 1. bekk ásamt nemendum boðaðir á fund með umsjónarkennara og skólastjóra.

Jólaþemadagur

Á jólaþemadag er skólanum breytt í bíóhús og fá nemendur að velja á milli tveggja jólamynda til að horfa á um morguninn. Að sjálfsgöðu er boðið upp á popp - eins og almennilegum bíóhúsum sæmir! Eftir hádegi er bekkurinn með umsjónarkennara sínum.

Þorrablót

Þorrablót Fellaskóla er haldið á Bóndadegi ár hvert. Þorrablótsskipulag er í höndum 8. bekkjar, en allir bekkir fá tækifæri til að koma með skemmtiatriði. Þorrablótið fer fram í hádeginu og er þá etinn þorramatur, sunginn fjöldasöngur og dansað.

Skíðaferðalag

Reynt er að fara í skíðaferð einu sinni hvert skólaár. Þá fara allir nemendur skólans saman og verja einum skóladegi í fjallinu. Skíðaferðin er farin á skíðasvæðið í Stafdal. Sá dagur er settur 14. febrúar á skóladagatalið, en endanleg dagsetning ræðst af veðri og snjóalögum. Hægt er að leigja búnað í Stafdal en mælt er til þess að þeir sem geta mæti með eigin búnað eða fái lánað, þar sem leigubúnaður er af skörnum skammti. Skíði, snjóbretti, gönguskíði, sleðar og snjóbotur eru leyfileg en ekki uppblásnir belgir eða diskar vegna slyshættu. Allir nemendur borga lítið gjald til skíðasvæðisins fyrir afnot af aðstöðunni, undanfarin ár hefur það verið 500 kr. Leiga á búnaði er þar fyrir utan.

Árshátíð

Árshátíð nemenda er haldin á vorin og hefðbundið er að halda stóra samkomu þar sem foreldrum er boðið að horfa á skemmtiatriði og þiggja veitingar. Elstu nemendur hafa æft leikrit og það er þungamiðja dagskrárinnar.

Föstudagurinn stutti

Daginn eftir árshátíð er föstudagurinn stutti haldinn hátíðlegur. Þann dag snýst skólastarfið að mestu um páskaföndur þar sem nemendur geta valið sig á stöðvar eftir áhugasviði. Í hádeginu borða allir saman áður en haldið er í páskafrí.

Skólaferðalag 9. og 10. bekkjar

Nemendur í 9. og 10. bekk fara í skólaferðalag annað hvert ár. Þegar nemandi fer á unglिंगastig hefst söfnun fyrir skólaferðalaginu. Söfnunin er í höndum foreldra og barnanna á unglिंगastigi. Undanfarin ár hefur verið farið í Skagfjörð í 3 daga en þar er boðið uppá fjölbreytta dagskrá s.s. rafting, litabolta árás, hestaferðir og fl.

Óveður

Skólalald verður með eðlilegum hætti nema annað sé auglýst á heimasíðu eða með skilaboðum. Foreldrar meta sjálfir hvort þeir treysta börnum sínum til að sækja skóla vegna veðurs/færðar og eru beðnir að láta skólann vita ef þau koma ekki. Skrifstofa skólans er opin frá kl. 8:00 – 14:00 alla daga.

Áætlanir

- Móttaka nýrra nemenda
- Áfengis og fíknivarnir
- Aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi
- Öryggis- og slysavarnir
- Jafnréttindi og mannréttindi
- Viðbrögð við áföllum
- agamál